# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Skrifstofa blaðsins**
**er í Síðumúla 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Árg. kostar 2.500 krónur,**
**hvert eintak 65 krónur.**

**Nr. 63** **94. ár** **Föstudaginn 25. maí 2001**


## Laus störf

Starf aðalbókara við embætti sýslumanns Rangárvallasýslu á Hvolsvelli er laust til umsóknar. Áskilin er starfsreynsla. Starfið veitist frá 1. júlí nk. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana. Umsóknarfrestur er til 10. júní nk.

Umsóknir sendist Friðjóni Guðröðarsyni sýslumanni, sem veitir nánari upplýsingar.

Hvolsvelli, 16. maí 2001.
**Sýslumaður Rangárvallasýslu.**
(6648

*1. Laus er staða skólastjóra við Langholtsskóla* sem er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Staðan er laus frá 1. ágúst nk.

*Meginhlutverk skólastjóra er að:*

- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans,
- veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.

Leitað er að umsækjanda sem:

- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun,
- hefur kennaramenntun, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg,
- hefur reynslu af kennslu og af vinnu með börnum og unglingum,
- er lipur í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar gefur Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri á Fræðslumiðstöð Reykjavík, netfang: ingunng@reykjavik.is, sími 535 5000.

Umsóknarfrestur er til 18. júní nk.

Umsóknir sendist á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, ennfremur gögn og upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála, auk annarra gagna er málið varðar.

*2. Staða aðstoðarskólastjóra á yngra stigi við Árbæjarskóla frá 1. ágúst 2001.*

Upplýsingar gefur skólastjóri Þorsteinn Sæberg í síma 567 2555, netfang: sberg@ismennt.is.

Umsóknarfrestur er til 11. júní.

*3. Staða aðstoðarskólastjóra við Hamraskóla.*

Afleysing í eitt ár. Upplýsingar gefur skólastjóri Ingvi Hagalínsson í síma 567 6300, netfang: ingvih@ismennt.is.

Umsóknarfrestur er til 28. maí.

*4. Staða aðstoðarskólastjóra í Víkurskóla.*

Upplýsingar gefur Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri í síma 863 3411.

Umsóknarfrestur er framlengdur til 4. júní.

Upplýsingar um ofangreindar áður auglýstar stöður gefa skólastjórar viðkomandi skóla og Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, ingunng@reykjavik.is.

Umsóknir um stöður nr. 2-4 ber að senda í skólana.

*5. Laus störf kennara í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2001-2002.*

## Auglýsing

### um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir júní 2001:
Vísitala neysluverðs: 209,4 stig.
Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.135 stig.

Reykjavík, 11. maí 2001.
**Hagstofa Íslands.**

6653)

## Auglýsing

### um mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

*Höfn við iðnaðarsvæði að Hrauni í Reyðarfirði, Fjarðabyggð.*

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um höfn við iðnaðarsvæði að Hrauni í Reyðarfirði, Fjarðabyggð, sem byggð yrði í tveimur áföngum.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 25. maí til 6. júlí 2001 á skrifstofum Fjarðabyggðar á Reyðarfirði, Eskifirði og í Neskaupstað. Einnig liggur skýrslan frammi á Bókasafni Héraðsbúa á Egilsstöðum og í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu: www.honnun.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 6. júlí 2001 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

**Skipulagsstofnun.**

6649)

## Auglýsing

### um mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

*Álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð.*

Reyðarál hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð, sem byggt yrði í tveimur áföngum, ásamt rafskautaverksmiðju. Í fyrri áfanga er gert ráð fyrir 240.000-280.000 tonna álframleiðslu á ári og í síðari áfanga stækkun í 360.000-420.000 tonna ársframleiðslu.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 25. maí til 6. júlí 2001 á skrifstofum Fjarðabyggðar á Reyðarfirði, Eskifirði og í Neskaupstað. Einnig liggur skýrslan frammi á Bókasafni Héraðsbúa á Egilsstöðum og í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu: www.reydaral.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 6. júlí 2001 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

**Skipulagsstofnun.**

6650)

## Auglýsing

### um starfsleyfistillögur

*Fyrir urðunarstað á Heydalamelum, Breiðadalshreppi.*

Í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, liggja frammi til kynningar starfsleyfi fyrir urðunarstað á Heydalamelum, Breiðdalshreppi, á afgreiðslutíma á skrifstofum Breiðdalshreppar, Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík, til kynningar frá 25. maí 2001 til 20. júlí 2001.

*Fyrir urðunarstað í landi Syðri-Kárastaða, Húnaþingi vestra.*

Í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, liggja frammi til kynningar starfsleyfi fyrir urðunarstað í landi Syðri-Kárastaða, Húnaþingi vestra, á afgreiðslutíma á skrifstofum Húnaþings, Klapparstíg 4, 530 Hvammstanga, til kynningar frá 25. maí 2001 til 20. júlí 2001.

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfunum skulu hafa borist Hollustuvernd ríkisins í síðasta lagi 20. júlí 2001.

Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögurnar hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi, svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

Einnig er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Hollustuverndar ríkisins: http://www.hollver.is/mengun/mengun.html.

**Hollustuvernd ríkisins.**
**Mengunarvarnir.**
Ármúla 1a, Reykjavík.

6660)

# Auglýsing

## um breytingu á deiliskipulagi í Arnarnesi við Hegranes 22

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar og með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Hegranes 22 í Arnarnesi.

Í breytingunni felst að heimilað er að byggja turnherbergi ofan á einnar hæðar hús. Skilmálar heimila eina hæð með kjallara þar sem aðstæður leyfa.

Tillagan er til kynningar á bæjarskrifstofunum í Garðabæ, Garðatorgi, frá 25. maí 2001 til og með 22. júní 2001. Athugasemdum við ofangreinda tillögu að breytingu skal skila til skipulagsfulltrúa Garðabæjar eigi síðar en 6. júlí 2001 og skulu þær vera skriflegar.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast vera samþykkir tillögunni.

**Skipulagsfulltrúi Garðabæjar.**

6664)

# Auglýsing

## um tillögu að deiliskipulagi í Fjarðabyggð

*Hraun 1, iðnaðarsvæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað.*

Fjarðabyggð auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað, nefnt Hraun 1 að Hrauni í Reyðarfirði, sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997:

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar og á heimasíðu sveitarfélagsins www.fjardabyggd.is, frá föstudeginum 25. maí til föstudagsins 22. júní 2001. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila athugasemdum er til 6. júlí 2001. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað til skipulagsfulltrúa Strandgötu 49 á Eskifirði. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

**Skipulagsfulltrúinn í Fjarðabyggð.**

6642)

# Auglýsing

## um deiliskipulag á landi Ásbjarnarstaða í Stafholtstungum, Borgarbyggð

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við ofangreint deiliskipulag.

Tillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Borgarbyggðar frá 25. maí 2001 til 26. júní 2001.

Athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofuna fyrir 11. júlí 2001 og skulu þær vera skriflegar.

Borgarnesi, 15. maí 2001.
**Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.**

6651)

*Breiðholtsskóli,* sími 557 3000.
Almenn kennsla í 4., 6. og 7. bekk og tónmennt.
*Engjaskóli,* sími 510 1300.
Almenn kennsla*, náttúrufræði* og samfélagsfræði*.
*Foldaskóli,* sími 567 2222.
Íþróttir.
*Fossvogsskóli,* sími 568 0200.
Almenn kennsla á miðstigi.
*Hamraskóli,* sími 567 6300.
Almenn kennsla í 1. bekk.
*Húsaskóli,* sími 567 6100.
Almenn kennsla á yngsta stigi, 75%–100% stöður. Kennsla í 2. bekk til áramóta vegna barnsburðarleyfis, kennsla á unglingastigi, kennslugreinar: stærðfræði, raungreinar og tölvur og heimilisfræði.
*Langholtsskóli,* sími 553 3188.
Almenn kennsla í 1. bekk, heimilisfræði, tónmennt og íslenska og danska á unglingastigi.
*Rimaskóli,* sími 567 6454.
Almenn kennsla á yngsta stigi*, kennsla á unglingastigi: íslenska, danska og eðlisfræði. Íþróttir.
*Safamýrarskóli,* sími 568 6262 sem er sérskóli fyrir 28 nemendur.
Sérkennsla.
*Selásskóli,* sími 567 2800.
Handmennt, 50% staða*, myndmennt, 50% staða*, smíðar* og sérkennsla.
*Seljaskóli,* sími 557 7411.
Almenn kennsla á miðstigi, náttúrufræði og eðlisfræði. Tónmennt og stærðfræði á unglingastigi.
*Vogaskóli,* sími 553 2600.
Sérkennsla (umsóknarfrestur 4. júní).

*Kennari óskast til að starfa með einhverfum og þroskaskertum unglingi í einum af grunnskólum Reykjavíkur.*

Um fullt starf er að ræða sem felst í menntun og þjálfun viðkomandi einstaklings í blönduðu umhverfi innan grunnskólans. Lögð verður áhersla á verklega þætti og sveigjanleika.

Umsóknir sendist Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, fyrir 18. júní. Nánari upplýsingar gefur Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs, arthur@reykjavik.is, sími 535 5000.

Laun skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga við KÍ. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar.

Umsóknarfrestur rennur út 18. júní 2001 nema á störfum merktum með *, þar rennur umsóknarfrestur út 11. júní. Umsóknir ber að senda í skólana.

*6. Önnur laus störf í grunnskólum Reykjavíkur.*
*Breiðholtsskóli,* sími 557 3000.
Umsjónarmaður mötuneytis nemenda og starfsfólks óskast frá 1. ágúst.
*Húsaskóli,* sími 567 6100.
Bókasafnsfræðingur eða kennari með framhaldsmenntun í bókasafnsfræði, námsráðgjafi í 70-75% stöðu, ritari á skrifstofu skólans og þroskaþjálfi eða starfsmaður með B.A. í sálfræði eða aðra uppeldisfræðimenntun til starfa með einhverfu barni (10 ára), 60% staða.
*Langholtsskóli,* sími 553 3188.
Kaffiumsjónarmaður fyrir eldhús starfsmanna og skólaliðar.
*Safamýrarskóli,* sími 568 6262.
Stuðningsfulltrúar, óskast til starfa við skólann og í skóladagvist næsta skólaár.
*Seljaskóli,* sími 557 7411.
Skólaliðar.
*Öskuhlíðarskóli,* sími 568 9740.
Skólaritarij, 50 eða 100% staða, þroskaþjálfi til að veita forstöðu í lengdri viðveru (skóladagvist), stuðningsfulltrúi í 50-60% stöðu í lengdri viðveru (skóladagvist).

Umsóknarfrestur er til 4. júní. Upplýsingar gefa skólastjórar og aðstoðarskólastjórar.

Umsóknir ber að senda í skólanna.

Laun skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Nánari upplýsingar um laus störf og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu undir job.is og á grunnskolar.is.

*7. Laus störf á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.*
*Skrifstofumaður.*

Skrifstofumaður annast daglega verkstjórn á almennri skrifstofu Fræðslumiðstöðvar í umboði deildarstjóra rekstrardeildar, sem er næsti yfirmaður.

Skrifstofan er þjónustueining innan Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og annast alla almenna skrifstofuþjónustu við starfsmenn og þá er leita til stofnunarinnar. Við leitum að metnaðarfullum starfsmanni sem getur sýnt frumkvæði í starfi og unnið skipulega.

Kröfur til umsækjenda:

– Almennt skrifstofunám eða sambærileg menntun.
– Reynsla af skrifstofustörfum.
– Góð tölvukunnátta.
– Lipurð í mannlegum samskiptum.

Allar nánari upplýsingar gefur Júlíus Sigurbjörnsson deildarstjóri rekstrardeildar netfang julius@reykjavik.is og Ingunn Gísladóttir starfmannastjóri netfang: ingunng@reykjavik.is eða í síma 535 5000.

*Launafulltrúi.*
Helstu verkefni launafulltrúa eru að:
- annast frágang á launagögnum frá grunnskólum Reykjavíkur,
- sinna einstaklingsmálum varðandi laun, kjarasamninga og réttindi launþega.

Kröfur til umsækjenda:
- Góð tölvukunnátta.
- Reynsla af launavinnslu eða skrifstofustörfum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Laun skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Allar nánari upplýsingar gefur Dagný Leifsdóttir, deildarstjóri fjárhags- og launadeildar dagnyl@reykjavik.is og Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri, netfang: ingunng@reykjavik.is, eða í síma 535 5000.

Umsóknarfrestur er til 4. júní nk. Umsóknir sendist á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um laus störf er að finna á netinu undir job.is.

**Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.**

(6797

# Stefnur

*Aðilar málsins eru:*
*Stefnandi:* Landsbanki Íslands hf. höfuðstöðvar kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna Landsbanka Íslands hf., 0111, Laugavegi 77, 155 Reykjavík.
*Stefndu:* Kristján Friðrik Karlsson, kt. 161170-5269, óþekkt heimilisfang og Hulda Kristín Jónsdóttir, kt. 020474-3199, með óþekkt heimilisfang.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Gunnar Viðar hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 510.374,10 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum, frá gjalddaga 1. júlí 1998 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Jafnframt er kraftist málskostnaðar að mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuld þessi er skv. skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð kr. 520.000 útgefnu í Reykjavík þann 27. apríl 1998 af Kristjáni F. Karlssyni til Landsbanka Íslands tryggt með sjálfskuldarábyrgð Huldu K. Jónsdóttur. Vextir skyldu greiðast samkvæmt vöxtum Landsbanka Íslands hf., eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma samkvæmt vaxtaflokki 5 og vera 6,25% og til viðbótar vaxtaálag 3% eða samtals 9,25% á ári. Vextir skyldu greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Bréfið átti að greiða með 60 afborgunum á mánaðar fresti, í fyrsta skipti þann 1. maí 1998. Frá 1. júlí 1998 hefur skuldabréfið verið í vanskilum og er allt fallið í gjalddaga samkvæmt efni sínu. Eftirstöðvar þess, er það fór í vanskil þann 1. júlí 1998 voru kr. 510.374,10.

*Sundurliðuð stefnufjárhæð*

| | | |
|---|---|---|
| Eftirstöðvar skuldabréfsins | kr. | 505.418,00 |
| Verðbætur | kr. | 825,40 |
| Vextir frá 1. júní 1998 til 1. júlí 1998 | kr. | 3.775,70 |
| Kostnaður | kr. | 355,00 |
| | kr. | 510.374,10 |

Þann 2. mars 2001 voru stefndu send áminningarbréf.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt Þjóðskrá á Kristján F. Karlsson lögheimili að Þverholti 5, Mosfellsbæ og Hulda K. Jónsdóttir er einnig með lögheimili að Þverholti 5, Mosfellsbæ, enginn sem hittist fyrir hefur fengist til að taka við birtingum og eru þau sögð búa í Suður-Englandi.

Áskilinn er réttur til að koma fram með nýjar málsástæður og til öflunar frekari gagna ef varnarástæður stefndu gefa tilefni til, en ekki er talin þörf á töku munnlegra skýrslna í málinu.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til meginreglna samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum númer 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Um stefnubirtingu vísar stefnandi til 89. gr. laga nr. 91/1991

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:
1. Skuldabréf nr. 22758.
2. Greiðsluseðil.
3. Birtingarvottorð.
4. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, héraðsdómi Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 26. júní 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 23. apríl 2001.
F.h. stefnanda,
f.h. Gunnars Viðars hdl.,
**Hildur Friðleifsdóttir.**

(6644

*Aðilar málsins eru:*
*Stefnandi:* Landsbanki Íslands hf. höfuðstöðvar kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna Landsbanka Íslands hf. 0140, Strandgötu 33, 220 Hafnarfjörður.

Stefndu: Laila Björk Hjaltadóttir, kt. 151068-5889, Danmörku, skv. Þjóðskrá og Sigurbjörg Anna Björnsdóttir, kt. 230573-5149, Norðurgarði 9, Hvolsvelli

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Gunnar Viðar hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefnda Laila, verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 371.768,20, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 371.768,20 frá 29. október 1999 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig að stefnda, Sigurbjörg, verði dæmd in solidum með Lailu til greiðslu á kr. 200.000 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sbr. lög nr. 67/1989 frá 19. desember 1999. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Þann 13. ágúst 1996 stofnaði Laila, tékkareikning nr. 50059 við útibú stefnda að Strandgötu 33, Hafnarfirði. Þann 29. október 1999 námu innstæðulausar færslur á reikningnum kr. 371.768,16. Var reikningnum þá lokað. Með tveimur ábyrgðaryfirlýsingum dagsettum 13. september 1996 og 14. ágúst 1996 tók stefnda, Sigurbjörg, ábyrgð á skuld þessari gagnvart Landsbanka Íslands, sem sjálfskuldarábyrgðarmaður fyrir allt að kr. 200.000 auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar. Þann 9. desember 1999 voru stefndu send innheimtubréf. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er stefnda Laila, búsett í Danmörku, en með óþekkt heimilisfang og er stefnanda hvorki kunnugt um hvar hún hefur dvalarstað né hvar hún starfar og getur þannig ekki birt stefnu þessa eftir almennum reglum. Er stefnanda því sú ein leið fær að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatilvísanir:* Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga auk XVII. kafla laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við l. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um stefnubirtingu vísar stefnandi til 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:
1. Útdráttur úr Reiknistofu bankanna.
2. Ábyrgðaryfirlýsingu dags. 14. ágúst 1996.
3. Ábyrgðaryfirlýsingu dags. 13. september 1996.
4. Innheimtubréf dags. 9. desember 1999.
5. Innheimtubréf dags. 9. desember 1999.
6. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu Lailu Björk Hjaltadóttur, kt. 151068-5889, Danmörku, skv. Þjóðskrá og Sigurbjörgu Önnu Björnsdóttur, kt. 230573-5149, Norðurgarði 9, Hvolsvelli, að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu v/Lækjartorg Reykjavík, þann 26. júní 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þau átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er sjö sólarhringar fyrir Sigurbjörgu og einn mánuður fyrir Lailu.

Reykjavík, 23. apríl 2001.
F.h. stefnanda,
f.h. Gunnars Viðars hdl.,
**Hildur Friðleifsdóttir.**

(6645

**Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, Reykjavík**

gerir kunnugt: að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Höskuldi Svavarssyni, kt. 210658-5649, Víðilundi 2i, 600 Akureyri, stjórnarmanni Hópferða ehf., kt. 410497-2479, Víðilundi 2i, 600 Akureyri, persónulega og f.h. félagsins og Braga Höskuldssyni, kt. 241078-5079, með óþekkt heimilisfang, persónulega.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða

stefnanda skuld að fjárhæð kr. 56.029 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af kr. 8.993 frá 15. nóvember 1999 til 15. desember 1999, en þá af kr. 18.057 frá 15. desember 1999 til 15. janúar 2000, en þá af kr. 27.083 frá 15. janúar 2000 til 15. febrúar 2000, en þá af kr. 37.161 frá 15. febrúar 2000 til 15. mars 2000, en þá af kr. 46.004 frá 15. mars 2000 til 15. apríl 2000, en þá af kr. 54.845 frá 15. apríl 2000 til 31. maí 2000, en þá af kr. 56.029 frá 31. maí 2000 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur.

*Fyrirsvar:* Undirritaður lögmaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuld þessi er tilkomin vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 606032-003 dags. 18. ágúst 1998 milli Glitnis hf., sem leigusala, og stefnds félags, Hópferða ehf. sem leigutaka en skv. samningnum leigir leigusali leigutaka lyftu á bifreið með fast nr. KL-784. Skyldi samningurinn greiðast með 24 mánaðarlegum greiðslum er skyldu greiðast 15. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 15. október 1998 eins og hér segir: USD 23,38 þá að jafnvirði í ísl. kr. 1.677,28; DEM 42,06 þá að jafnvirði í ísl. kr. 1.677,36; JPY 1.363,76 þá að jafnvirði í ísl. kr. 670,90; ECU 34,15 þá að jafnvirði í ísl. kr. 2.684,03 eða þá samtals í ísl. kr. 6.709,57.

Í 3. mgr. 2. gr. skilmála samningsins segir að þegar leigugjaldið sé gengistryggt miðað við breytingar sem verða á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart ísl. krónu beri leigutaka að greiða leigusala á hverjum gjalddaga jafnvirði hinna erlendu gjaldmiðla miðað við sölugengi þeirra gagnvart ísl. krónu skv. gengisskráningu Íslandsbanka hf. og beri að miða við sölugengi Íslandsbanka hf., á viðkomandi gjaldmiðlum á útgáfudegi hvers leigureiknings. Stofngjald að fjárhæð kr. 3.500 og vextir frá útborgunardegi skyldu greiðast með fyrsta reikningi.

Stefndu Bragi Höskuldsson og Höskuldur Svavarsson tókust á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum samkvæmt fjármögnunarleigusamningnum.

Leigutaki greiddi umsamdar leigugreiðslur til 15. nóvember 1999 en frá og með þeim tíma hefur hann ekki fengist til að greiða gjaldfallnar leigugreiðslur þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Hinir leigðu munir voru teknir af leigutaka þann 31. maí 2000 og miðast því uppgjör aðilanna við þann dag. Reyndist verðmæti munanna að frádregnum kostnaði vera kr. 36.898. Er því skuld stefnda miðað við 31. maí 2000, reiknuð skv. 16. gr. skilmála samningsins, sem hér segir:

Gjaldfallnar leigugreiðslur og aðrar greiðslur:

| | *Kr.* |
|---|---|
| 15. nóv. 1999 | 8.993 |
| 15. des. 1999 | 9.064 |
| 15. jan. 2000 | 9.026 |
| 15. febr. 2000 | 10.078 |
| 15. mars 2000 | 8.843 |
| 15. apríl 2000 | 8.841 |
| Samtals gjaldfallnar greiðslur | 54.845 |
| Gjaldfelldar leigugreiðslur | 38.082 |
| Andvirði leigumuna til frádráttar | -36.898 |
| Samtals | 56.029 |

Innheimtutilraunir hjá stefndu hafa engan árangur borið og er því nauðsynlegt að innheimta skuldina með málshöfðun.

Stefndi, Bragi Höskuldsson, er með óþekkt heimilisfang skv. Þjóðskrá og hefur ekki tekist að afla nánari upplýsinga um heimilisfang hans eða dvalarstað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Stefnandi á því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Stefnandi byggir kröfur sínar á tilgreindum fjármögnunarleigusamningi aðilanna og þeirri grundvallarreglu kröfu- og samningsréttarins að samninga beri að halda. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu máls síns mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Fjármögnunarleigusamning nr. 606032-003.
2. Yfirlit yfir leigugreiðslur.
3. Uppgjörsyfirlit v/töku tækis.
4. Vottorð frá Hlutafélagaskrá.
5. Innheimtubréf dags. 11. nóvember 2000.

*Skýrslutökur fyrir dómi:* Áskilinn er réttur til að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar ef þurfa þykir.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér Höskuldi Svavarssyni, kt. 210658-5649, Víðilundi 2i, 600 Akureyri, stjórnarmanni Hópferða ehf., kt. 410497-2479, Víðilundi 2i, 600 Akureyri, persónulega og f.h. félagsins og Braga Höskuldssyni, kt. 241078-5079, með óþekkt heimilisfang, persónulega, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið verður í dómsal 102 dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 14. júní 2001 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins mega þeir búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 7 sólarhringar.

Kópavogi, 30. apríl 2001.
F. h. stefnanda,
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** hdl.

(6206

**Glitnir hf., kt. 511185-0259,**
**Kirkjusandi, Reykjavík**

gerir kunnugt: að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Höskuldi Svavarssyni, kt. 210658-5649, Víðilundi 2i, 600 Akureyri, stjórnarmanni Hópferða ehf., kt. 410497-2479, Víðilundi 2i, 600 Akureyri, persónulega og f.h. félagsins og Braga Höskuldssyni, kt. 241078-5079, með óþekkt heimilisfang, persónulega.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.698.582 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af kr. 41.670 frá 18. október 1999 til 1. nóvember 1999, en þá af kr. 95.593 frá 1. nóvember 1999 til 1. desember 1999, en þá af kr. 150.054 frá 1. desember 1999 til 3. desember 1999, en þá af kr. 181.018 frá 3. desember 1999 til 1. janúar 2000, en þá af kr. 237.145 frá 1. janúar 2000 til 1. febrúar 2000, en þá af kr. 291.072 frá 1. febrúar 2000 til 7. febrúar 2000, en þá af kr. 472.999 frá 7. febrúar 2000 til 1. mars 2000, en þá af kr. 527.787 frá 1. mars 2000 til 1. apríl 2000, en þá af kr. 581.795 frá 1. apríl 2000 til 1. maí 2000, en þá af kr. 635.987 frá 1. maí 2000 til 2. maí 2000, en þá af kr. 709.038 frá 2. maí 2000 til 31. maí 2000 en þá af kr. 1.698.582 frá 31. maí 2000 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur.

*Fyrirsvar:* Undirritaður lögmaður, Sveinbjörns Sveinbjörnsson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuld þessi er tilkomin vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 606032-001 dags. 29. janúar 1998 milli Glitnis hf., sem leigusala, og stefnds félags, Hópferða ehf. sem leigutaka en skv. samningnum leigir leigusali leigutaka MAN sendibifreið með kælibúnaði og einangraða yfirbyggingu, árg. 1991, fast nr. KL-784. Skyldi samningurinn greiðast með 60 mánaðarlegum greiðslum er skyldu greiðast 1. hvers mánaðar eins og hér segir: Fyrsta greiðsla 1. apríl 1998 kr. 0, og síðan frá og með 1. maí 1998 eftirfarandi: USD 155,08 þá að jafnvirði í ísl. kr. 11.198,32; DEM 277,34 þá að jafnvirði í ísl. kr. 11.198,51; JPY 7.834,54 þá að jafnvirði í ísl. kr. 4.479,39; ECU 225,11 þá að jafnvirði í ísl. kr. 17.917,47 eða þá samtals í ísl. kr. 44.793,69.

Í 3. mgr. 2. gr. skilmála samningsins segir að þegar leigugjaldið sé gengistryggt miðað við breytingar sem verða á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart ísl. krónu beri leigutaka að greiða leigusala á hverjum gjalddaga jafnvirði hinna erlendu gjaldmiðla miðað við sölugengi þeirra gagnvart ísl. krónu skv. gengisskráningu Íslandsbanka hf. og beri að miða við sölugengi Íslandsbanka hf., á viðkomandi gjaldmiðlum á útgáfudegi hvers leigureiknings. Stofngjald að fjárhæð kr. 44.000 og vextir frá útborgunardegi skyldu greiðast með fyrsta reikningi.

Stefndu Höskuldur Svavarsson og Bragi Höskuldsson tókust á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum samkvæmt fjármögnunarleigusamningnum.

Leigutaki greiddi umsamdar leigugreiðslur til 18. október 1999 en frá og með þeim tíma hefur hann ekki fengist til að greiða gjaldfallnar leigugreiðslur þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Hin leigða bifreið var tekin af leigutaka þann 31. maí 2000 og miðast því uppgjör aðilanna við þann dag. Reyndist verðmæti leigumunanna að frádregnum kostnaði vera kr. 449.733. Er því skuld stefnda miðað við 31. maí 2000, reiknuð skv. 16. gr. skilmála samningsins, sem hér segir:

Gjaldfallnar leigugreiðslur og aðrar greiðslur:

| | *Kr.* |
|---|---|
| 18. okt. 1999 | 41.670 |
| 1. nóv. 1999 | 53.923 |
| 1. des. 1999 | 54.461 |
| 3. des. 1999 | 30.964 |
| 1. jan. 2000 | 56.127 |
| 1. febr. 2000 | 53.927 |
| 7. jan. 2000 | 181.927 |
| 1. mars 2000 | 54.788 |
| 1. apríl 2000 | 54.008 |
| 1. maí 2000 | 54.192 |
| 2. maí 2000 | 73.051 |
| Samtals gjaldfallnar greiðslur | 709.038 |
| Gjaldfelldar leigugreiðslur | 1.439.277 |
| Andvirði leigumuna til frádráttar | -449.733 |
| Samtals | 1.698.582 |

Reikningur m/gjalddaga 18. október 1999 er vegna trygginga auk gjalda, reikningur m/gjalddaga 3. desember 1999 er vegna bifreiðagjalda vegna tímabils febrúar 1999 auk gjalda, reikningur með gjalddaga 7. febrúar 2000 er vegna þungaskatts vegna tímabils mars 1999 auk gjalda og reikningur með gjalddaga 2. maí 2000 er vegna bifreiðagjalda vegna tímabils janúar 2000 auk gjalda.

Innheimtutilraunir hjá stefndu hafa engan árangur borið og er því nauðsynlegt að innheimta skuldina með málshöfðun.

Stefndi, Bragi Höskuldsson, er með óþekkt heimilisfang skv. Þjóðskrá og hefur ekki tekist að afla nánari upplýsinga um heimilisfang hans eða dvalarstað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Stefnandi á því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Stefnandi byggir kröfur sínar á tilgreindum fjármögnunarleigusamningi aðilanna og þeirri grundvallarreglu kröfu- og samningsréttarins að samninga beri að halda. Kröfur um dráttarvexti og vaxta-

vexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu máls síns mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Fjármögnunarleigusamning nr. 606032-001.
2. Yfirlit yfir leigugreiðslur.
3. Reikningur m/gjalddaga 18. okt. 1999, ljósrit.
4. Reikningur m/gjalddaga 3. des. 1999, ljósrit.
5. Reikningur m/gjalddaga 7. febr. 2000, ljósrit.
6. Reikningur m/gjalddaga 2. maí 2000, ljósrit.
7. Uppgjörsyfirlit v/töku tækis.
8. Vottorð frá hlutafélagaskrá.
9. Innheimtubréf dags. 17. nóvember 2000.

*Skýrslutökur fyrir dómi:* Áskilinn er réttur til að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar ef þurfa þykir.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér Höskuldi Svavarssyni, kt. 210658-5649, Víðilundi 2i, 600 Akureyri, stjórnarmanni Hópferða ehf., kt. 410497-2479, Víðilundi 2i, 600 Akureyri, persónulega og f.h. félagsins og Braga Höskuldssyni, kt. 241078-5079, með óþekkt heimilisfang, persónulega, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið verður í dómsal 102 dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 14. júní 2001 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins mega þeir búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 7 sólarhringar.

Kópavogi, 30. apríl 2001.
F. h. stefnanda,
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** hdl.

(6207

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness, Ólöf Pétursdóttir**

